

Svar

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur um fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs.

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Vinnuálastofnun.

1. *Hverjar eru lögbundnar tekjur Fæðingarorlofssjóðs og hvernig hefur þeim verið breytt frá gildistöku laga nr. 95/2000?*

Fæðingarorlofssjóður fær tekjur af gjaldstofni til tryggingagjalds og hefur sjóðurinn fengið 1,08% hlutdeild í gjaldinu frá árinu 2005 en árin á undan var hlutdeildin 0,85%.

2. *Hverjar hafa árlegar tekjur og útgjöld sjóðsins verið frá og með árinu 2001?*

3. *Hver hefur staða sjóðsins verið um hver áramót frá árinu 2001?*

Lög nr. 95/2000 komu til framkvæmda 1. janúar 2001. Taflan sýnir árlegar tekjur og útgjöld Fæðingarorlofssjóðs frá og með árinu 2001 og stöðu sjóðsins um hver áramót.

Ef áætlun um tekjur og gjöld á árinu 2009 gengur eftir verður sjóðurinn með jákvæða eiginfjárstöðu í árslok 2009, en sjóðurinn hefur verið með neikvæða eiginfjárstöðu frá árinu 2004.

Fæðingarorlofssjóður. Tekjur og útgjöld 2001–2009 (millj. kr.).

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009 ¹
Tekjur	3.554	3.892	3.966	4.152	5.898	7.381	8.066	9.505	10.044
Gjöld	2.853	4.654	5.682	6.716	6.724	7.069	8.161	9.753	10.325
Tekjuafgangur/halli fyrir ríkisframlag	701	-762	-1.716	-2.564	-826	312	-95	-248	-248
Ríkisframlag	412	362	361	422	435	479	493	514	579
Tekjuafgangur/halli ársins	1.113	-400	-1.355	-2.142	-391	791	398	266	331
Eiginfjárstaða í lok árs	2.519	2.531	1.176	-966	-1.538	-737	-328	-79	252

¹Áætlaðar tekjur í fjárlögum 2009.